
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Mat á tilraun í Norðlingaskóla:

Með breytt vinnutímaskipulag kennara byggt á bókun fimm í
kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og
Kennarasambands Íslands

Mat unnið fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar

Júlí, 2006

Kristín Erla Harðardóttir

Friðrik H. Jónsson

1. INNGANGUR.....	3
2. GAGNASÖFNUN.....	4
3. UM STARFSHÆTTI Í NORÐLINGASKÓLA.....	6
4. TÍMASKÝRSLUR KENNARA	11
5. UMRÆÐA Í DAGBLÖÐUM OG Á ÖÐRUM VETTVANGI.....	13
6. NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA.....	15
6.1 Viðtöl við kennara og stjórnendur skólans.....	15
6.2. Viðtöl við aðra er að málinu koma.....	18
7. LOKAORÐ.....	21
VIÐAUKI.....	22

1. INNGANGUR

Menntasvið Reykjavíkurborgar fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera úttekt á áhrifum og væntingum til starfstilhögunar Norðlingaskóla í Reykjavík en skólinn starfar á grundvelli bókar fimm í kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands fyrir grunnskóla með gildistíma 1. ágúst 2005 til og með 31. desember 2007.

Bókun fimm hljómar svo:

Samningsaðilar eru sammála um að skapa tækifæri á samningstímabilinu fyrir grunnskóla að taka upp í tilraunskyni til eins skólaárs í senn, hliðstæð vinnutímaákvæði og gilda hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélaga, þ.e. á bilinu kl. 8:00 til 17:00 og innan þeirra tímamarka sé öll vinnuskylda kennara (kennsla, undirbúningstími, verkstjórnartími og tími vegna símenntunar). Samkomulag milli skóla og sveitarfélags skal borið undir samstarfsnefnd. (Bókun 5. Bókanir vegna FG hluta samnings).

Með hliðsjón að bókun fimm í kjarasamningi gerði Norðlingaskóli, Menntasvið og Reykjavíkurborg með sér samning um að gera tilraun með nýtt fyrirkomulag á skólastarfi. Kennarar sem ráðnir voru til starfa við Norðlingaskóla höfðu öll vilja til að reyna þetta nýja fyrirkomulag sem gert var ráð fyrir samkvæmt bókun fimm. Markmið úttektarinnar er að fá yfirsýn yfir væntingar ólíkra hópa sem málið varða til bókar fimm og starfsemi Norðlingaskóla með tilliti til nýrra starfshátta. Meginathygli var beint að áhrifum bókar á skólastarf, kennara og skólastjórnendur, auk væntinga innan stjórnsýslu Reykjavíkur og Kennarasambandsins.

Við úttekt þessa var notast við gögn úr fjórum áttum. Í fyrsta lagi var farið yfir kjarasamninga og samkomulag milli stjórnenda og kennara Norðlingaskóla og sviðsstjóra Menntasviðs. Í öðru lagi voru tekin viðtöl við kennara og stjórnendur Norðlingaskóla, formann Launanevndar sveitarfélaga, einn af þremur fulltrúum Reykjavíkurborgar í Launanevnd sveitarfélaga, fulltrúa skólastjóra og fulltrúa grunnskólakennara í Samstarfsnefnd Kennarasambandsins og sviðsstjóra Menntasviðs. Í þriðja lagi voru tímaskýrslur¹ kennara um skiptingu vinnutíma skoðaðar og í fjórða lagi voru umræður í fjölmiðlum um tilraun í Norðlingaskóla skoðaðar og greindar.

¹ Yfirlit hvernig vikulegum vinnutíma kennara skólans er varið.

2. GAGNASÖFNUN

Ítarlega var farið yfir gildandi kjarasamning grunnskóla frá 2005 og hann borinn saman við samning Menntasviðs og kennara/skólastjórnenda í Norðlingaskóla. Markmið með samanburðinum var að átta sig á þeim grunni sem Norðlingaskóli starfar á og að hvaða marki hann er frábrugðinn því sem er í öðrum grunnskólum.

Vinnutími kennara í Norðlingaskóla var athugaður með því að skoða tímaskýrslur þeirra. Einn kennari í 100% starfi var valinn af handahófi og tímaskýrslur hans skoðaðar yfir 36 vikna tímabil. Einnig voru stundaskrár allra kennara skoðaðar frá 5. september 2005 til 29. maí 2006. Gögn þessi voru fengin hjá skólastjóra Norðlingaskóla. Með því að skoða skýrslur kennara og stundaskrár var hægt að fá innsýn í skiptingu vinnutíma viðkomandi aðila.

Blaðgreinum og öðrum opinberum gögnum um starfsemi Norðlingaskóla frá skólaárinu 2005 til 2006 var safnað saman og þau greind með tilliti til framkvæmdar á bókun fimm kjarasamningi.

Viðamesti þáttur í úttektarinnar voru viðtöl sem tekin voru við sem flesta af þeim sem málið varðar. Viðtal var tekið við skólastjóra Norðlingaskóla 8. maí 2006 auk þess var skóli og starf hans skoðað. Vegna veikinda meðal kennara dróst að tala við kennara til 24. maí. En þá tókst að ná saman 5 af 6 kennurum í rýnihóp. Þann 31. maí voru tekin einstaklingsviðtöl við alla kennara skólans. Loks var tekið viðtal við deildastjóra skólans.

Dagana 12. 13. og 14. júní voru svo tekin viðtöl við fulltrúa skólastjóra, fulltrúa grunnskólakennara í Kennarasambandi Íslands og formann Launaneftdar sveitarfélaga, fulltrúa Reykjavíkur í Launaneftnd sveitarfélaga. Gagnasöfnun lauk með viðtali við sviðsstjóra Menntasviðs Reykjavíkurborgar þann 21. júní 2006.

Viðtölin voru frá því að vera um 10 mínútur upp í tæpa eina klukkustund að lengd. Flest viðtölin voru í um tuttugu mínútur. Viðtölin voru tekin upp og meginatriði þeirra voru skráð til greiningar. Viðmælendum var heitið trúnaði og verða viðtölin hvergi birt, né vitnað orðrétt í tiltekna viðmælendum nema að slíkt hafi verið borið undir viðkomandi. Þar af leiðandi verða niðurstöður viðtalanna birtar sem sjónarmið hóps (stjórnendur skólans, kennarar, kennaraforusta, og svo framvegis). Viðtölin tók Kristín E. Harðardóttir, verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun og hún sá einnig um stjórnun rýnihópsins.

Umfjöllun hér á eftir skiptist í fimm hluta. Fyrst verður fjalla stuttlega um Norðlingaskóla og samning þann er undirritaður var af stjórnendum og kennurum skólans við sviðsstjóra Menntasviðs Reykjavíkur. Í öðru lagi verður gerð grein fyrir vinnutíma kennara og stundaskrár þeirra ræddar. Í þriðja lagi verður fjallað um fjölmiðlaumfjöllun um samkomulag það sem gert var á milli stjórnenda/kennara í Norðlingaskóla og Menntasviðs. Í fjórða lagi verður fjallað um meginatriði sem komu fram viðtölum við þá sem töldu sig málið varða. Að lokum verður fjallað um þann lærdóm sem fengist hefur af mati þessu.

3. UM STARFSHÆTTI Í NORÐLINGASKÓLA

Kennsla hófst í Norðlingaskóla í fyrsta skipti í ágúst 2005. Skólinn er staðsettur í nýju hverfi mitt á milli Elliðavatns og Rauðavatns. Í framtíðarskipulagi skólans er gert ráð fyrir að skólinn verði heilstæður grunnskóli fyrir 300 til 400 nemendur í 1. til 10. bekk og verði því markmið náð ekki síðar en haustið 2009. Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur í 1. til 6. bekk í skólanum. Við upphaf kennslu um haustið voru nemendur 24 en fjölgaði á starfsárinu og voru orðnir 40 um vorið. Á skólaárinu voru 6 fastir kennarar við skólann, þó ekki allir í 100% starfi. Á næsta starfsári skólans er gert ráð fyrir talsverðri fjölgun og eru skráðir 103 nemendur í 1. til 8. bekk. Einnig er gert ráð fyrir að kennurum muni fjölga við skólann.

Í auglýsingu um starf skólastjóra og kennara í Norðlingaskóla sem birtust í apríl 2005 kom fram að fræðslufirvöld í Reykjavík hefðu áhuga á því að við skólann yrðu skoðir möguleikar á því að gera tilraun með samkomulag sem byggðist á bókun fimm í kjarasamningi Kennarasambandsins og Launanevndar sveitarfélaga.

Sif Vígbórsdóttir var ráðin skólastjóri við skólann vorið 2005. Kom það í hennar hlut að ráða kennara sem höfðu áhuga og vilja til að taka þátt í tilraun samkvæmt þeim skilmálum sem komu fram í bókun fimm og ganga frá skriflegu samkomulagi um starfskjör milli kennara við skólann, stjórnenda skólans og sviðsstjóra Menntasviðs fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Miðað var við að um væri að ræða tilraunaverkefni til eins árs.

Í undirrituðu samkomulagi sem byggt er á bókun fimm eru gerðar breytingar á eftirfarandi atriðum í kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga frá 17. nóvember 2004.

Í kafla 1 um kaup hefur gildandi kjarasamningi verið breytt á þremur stöðum²:

Í grein 1.2.1. í samkomulagi, **Röðun í launaprep** segir:

Launaprep eru 4. Röðun í launaprep miðast við lífaldur. Innröðun í þrep miðast við aldur frá upphafi næsta mánaðar eftir afmælisdag. Þeir kennarar sem eru yngri en 25 ára raðast í fyrsta þrep, þeir sem eru 25-34 ára raðast í annað þrep og þeir sem eru 35-44 ára raðast í þriðja þrep. Þeir sem eru 45 ára og eldri raðast í fjórða þrep.

² Í viðauka er hægt að sjá þær greina sem hafa verið breytt eins og þær eru í gildandi kjarasamning.

Í grein 1.3.1. í samkomulagi, **Röðun í launaflokka** segir:

<i>Starfsheiti</i>	<i>Starfslýsing</i>	<i>Launaflokkur</i>
<i>GRUNNSKÓLAKENNARI</i>	<i>Hefur réttindi og sinnir störfum grunnskólakennara í samræmi við lög, aðalnámsskrá og skólanámsskrá.</i>	241
<i>UMSJÓNARKENNARI</i>	<i>Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og hefur umsjón með nemendum í bekk/námshópi.</i>	242
<i>SÉRKENNARI</i>	<i>Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og hefur á hendi sérkennslu skv. skilgreiningu 3. gr. Reglugerðar nr. 389/1996 um sérkennslu sem nemur a.m.k. 50% af starfi.</i>	243
<i>NÁMSRÁÐGJAFI</i>	<i>Uppfyllir skilyrði sem námsráðgjafi/grunnskólakennari og er námsráðgjafi í meira en hálfu starfi.</i>	243

Samkvæmt röðun í launaflokka í samningi þessum hækka grunnlaun kennara við skólann úr launaflokki 231/232³ í launaflokk 242. Samkvæmt þessari röðun eru nær allir kennarar skólans umsjónarkennarar og eru undir sama hatti. Skólastjóri ráðstafar launapotti þannig að jafnræði ríkir, en á móti taka kennarar á sig forfallakennslu og aðra þætti sem fallið hafa undir yfirvinnu án þess að sérstök greiðsla komi fyrir það svo lengi sem það er á tímabilinu 8:00 til 17:00 á virkum dögum.

Í grein 1.3.2. í samkomulagi, **Viðbótarlaun vegna verkaskiptingar og færni** segir:

Þessi grein fellur niður.

Í kafla 2 um vinnutíma er texta breytt á fjórum stöðum og fjölmargar greinar felldar niður.

Í grein 2.1.6.1. í samkomulagi, **Vinnutími kennara í grunnskóla** segir:

Vinnutími kennara í fullu starfi er 40 klst. á viku og jafnaði yfir árið. Vikuleg vinnuskylda hans er 42,86 á viku miðað við 37 vikna starfstíma skóla og fer fram á tímabilinu frá kl. 08:00 til 17:00 á virkum dögum. Fyrirkomulag undirbúningsdaga fyrir upphaf og lok starfstíma er tíundað í grein 2.1.5.2.⁴ Að auki eru 150 klst. til endurmenntunar og undirbúnings, sbr. 2.1.6.4.⁵

Í grein 2.1.6.2. í samkomulagi, **Vinnuskylda kennara og námsráðgjafa** segir:

Vinnuskylda kennara og námsráðgjafa er 1800 stundir á ári. Skólastjóri ráðstafar vinnu kennara og námsráðgjafa til þeirra starfa og verkefna sem

³ Grunnskólakennari/Umsjónarkennari 1

⁴ Grein 2.1.5.2. **Undirbúningsdagur:** Undirbúningsdagar kennara undir stjórn skólastjóra skulu vera samtals átta fyrir upphaf og eftir lok skóladaga nemenda. Undirbúningsdagar á starfstíma skóla eru fimm. Skólum er heimilt að fella þá inn í vikulegt vinnuskipulag að hluta eða öllu leyti. Lengist þá vikuleg vinnuskylda kennara sem því nemur.

⁵ Grein 2.1.6.4. **Endurmenntun kennara:** Endurmenntun kennara skal vera í samræmi við endurmenntunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sæki skilgreinda endurmenntun. Kennari skilgreinir þarfir sínar fyrir endurmenntun og kynnir skólastjóra sem ákveður hvernig staðið er að þessum málum með þarfir nemenda, kennara og heildarmarkmið skólans í huga. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt endurmenntun í auknu mæli á starfstíma skóla. Endurmenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við endurmenntunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra.

starf grunnskólans kallar á. Þetta felur m.a. í sér heimild skólastjóra til að breyta vinnutilhögun í samráði við kennara eftir því sem starf skólans kallar á hverju sinni.

Þessar tvær greinar sem hafa með vinnuskyldu kennara að gera hafa valdið ágreiningi milli Kennarasambands Íslands annars vegar og Menntasviðs, Launanevnd sveitarfélaga, skólastjóra og kennara við Norðlingaskóla hins vegar. Allir nema Kennarasambandið túlka þessa greinar þannig að öll störf kennara eigi að falla innan tímans 8:00 til 17:00 á virkum dögum. Ekki eigi að telja mínútur og sekúndur eins og kjarasamningur geri ráð fyrir – það er hvernig öllum tíma er skipt þannig að fyrirfram er ákveðið hversu mikill tími fer í kennslu, frímínútur, kaffitíma, verkstjórnarþætti, leiðsögn, undirbúning, o.s.frv. Heldur geti sá tími sem fer í hvern þátt verið breytilegur milli kennara og milli tímabila. Túlkun kennaraforystunnar á bókun fimm er að ekki sé hægt að víkja frá vinnutímaákvæðum samningsins. Með bókun fimm væri eingöngu verið að gefa eftir ráðstöfun yfir þeim 9,14 tímum sem ekki er ráðstafað í kennslu þannig að sú vinna færi fram innan skóla á tíma 8:00 til 17:00, en ekki að skólastjórnendur og Menntasvið hafi til ráðstöfunar alla 42,86 tímana.

Í grein 2.3.1. í samkomulagi, **Yfirvinna, skilgreining** segir:

Yfirvinna telst sú vinna sem unnin er umfram daglega vinnuskyldu sbr. grein 2.1.6.1. í þessu samkomulagi.

Í grein 2.3.9. í samkomulagi, **Nemendaferðir, greiðslur fyrir umsjón** segir:

Fyrir umsjón í nemendaferðum, sem skipulagðar eru sem hluti af starfi grunnskóla, skal greiða allt að 12 klukkustundir á dag að frádregnum þeim vinnutíma sem viðkomandi kennari hefur á ferðadegi. Standi ferð yfir nótt, greiðast að auki 3 klukkustundir.

Í samkomulagi voru svo eftirfarandi greinar úr kafla 2 feldar niður:

Grein 2.1.2 Vinnutíma breytt með samningi;

Grein 2.1.6.5, Viðverutími, ákvörðun um dagleg mörk;

Grein 2.1.6.8. Störf kennara á skólasafni;

Grein 2.1.6.10 Vinnutímaskilgreining námsráðgjafa;

Grein 2.3.6. Yfirvinnustundir á stundaskrá, skilgreining;

Grein 2.3.8. Matartími sem kennt er í, greidd sem yfirvinna;

Grein 2.3.10. Gæsla nemenda;

Grein 2.3.11. Gæsla nemenda í heimavistun;

Grein 2.3.12. Kennsla við fleiri en einn skóla;

Grein 2.3.13. Leiðsögukenningar;

Grein 2.5.1. Kennsla í dagvinnu;

Grein 2.5.1.1. Lækkun hámarkskennslu í dagvinnu;

Grein 2.5.2. Lækkun hámarkskennslu í dagvinnu vegna starfs- eða lífaldurs;

Grein 2.5.2.1. Lækkun hámarkskennslu í dagvinnu við 55 og 60 ára aldur;

Grein 2.5.3. Eining í kennslu, skilgreining;
Grein 2.5.4. Kennslustund.

Allar aðrar greinar í nógildandi samning Kennarasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga frá 17. nóvember 2004 halda sér.

Í samningi Norðlingaskóla var bókun 9⁶ í samningi Kennarasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga frá 9. janúar 2001 og bókanir 4⁷ og 6⁸ í nógildandi samningi felldar úr gildi.

Gildistími samkomulags Norðlingaskóla er eitt ár eða frá 1. ágúst 2005 til 3. júlí 2006. Einnig kemur fram að ef ágreiningur verður um túlkun samkomulags, verður málum skotið til samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga. Auk þess var bókað í samningi að tilraunin skuli vera tekin út af óhlutdrægum fagaðila.

Samkomulag þetta var undirritað 16. ágúst 2005 af öllum viðeigandi aðilum, Gerði G. Óskardóttir, sviðsstjóra Menntasviðs fyrir hönd Reykjavíkurborgar og fyrir hönd Norðlingaskóla: Sif Vígbórsdóttir skólastjóri, Þórunn R. Ólafsdóttir deildarstjóri, Ágúst Ólason kennari, Bryndís Brynjarsdóttir kennari, Edda Ó. Smáradóttir kennari, Hermann Valsson kennari, Linda H. Þórðardóttir kennari og Ragna Þ. Karlsdóttir kennari.

Samkomulag um starfshætti í Norðlingaskóla var síðan kynnt öðrum málsaðilum og var framvinda málsins eftirfarandi: Þann 18. ágúst 2005 var samkomulagið lagt fyrir samstarfsnefnd Kennarasambands Íslands og Launanevnd sveitarfélaga. Þann 11. nóvember svarar Félag grunnskólakennara og þar segir meðal annars „...geta ekki samþykkt samkomulagið óbreytt.“ Fulltrúar Launanevndar sveitarfélagana óska eftir rökstuðningi fyrir þeirri afstöðu. Þann 13. desember 2005, leggur Félag grunnskólakennara fram greinagerð þar sem fram kemur eftirfarandi „...vegna höfnunar á erindi frá Menntasviði Reykjavíkurborgar varðandi samkomulag við kennara og stjórnendur við

⁶ Bókun 9: Aðilar eru sammála um að meðfylgjandi tafla (sjá Kjarasamning) sýni skiptingu vikulegs vinnutíma kennara, m.a. með hliðsjón af aldursafslætti og sveigjanleika. Fremsti dálkurinn sýnir verkþætti sem unnir eru, næstu tveir sýna vinnutímaskiptingu þeirra sem njóta aldursafláttar of fimmti dálkur sýnir vinnutímaskiptingu m.v. 27 kennslustundir á viku. Grunnskipting sýnir vinnuskiptingu kennara eftir breytilegri vikulegri kennslu miðað við fullt starf þar sem kennslustundir eru sýndar í efstu línu. Þrír öftust dálkarnir sýna vinnuskiptingu ef kennari tekur að sér kennslu umfram 27 stundir gegn minnkun annarar vinnu undir stjórn skólastjóra.

⁷ Bókun 4: Þegar kennara einnar bekkjardeildar/námshóps er falið að bæta við sig kennslu annarrar bekkjardeildar/námshóps samhliða eigin kennslu vegna forfalla annars kennara, skal greiða honum hálfu yfirvinnustund í lagi fyrir hverja slíka kennslustund.

⁸ Bókun 6: Við ráðstöfun á fjármunum sem ætlaðir eru til endurröðunar starfsheita hinn 1. ágúst 2005 skal námsráðgjöfum í 50% starfi eða meira sem slíkir ráðað einum launaflokki ofar en ella. Skilgreining á starfsheitinu námsráðgjafi 1 miðast við þann sem er í 25-49% starfshlutfalli sem námsráðgjafi en námsráðgjafi 2 í 50% eða meira.

nýjan skóla í Norðlingaholti...“ Í janúar 2006 er fjallað um samkomulagið í dagblöðum, í Fréttabréfi Félags grunnskólakennara og á fundi menntaráðs Reykjavíkur. Þann 18. janúar sendi Félag grunnskólakennara frá sér eftirfarandi yfirlýsingu.

Stjórn og samninganefnd Félags grunnskólakennara bendir á að félagið hafnaði ekki samkomulagi Norðlingaskóla við Reykjavíkurborg, heldur treystir sér ekki til að samþykkja það óbreytt. Hafa ber í huga að samkomulagið er lagt fram til samstarfsnefndar KÍ og Launanefndar sveitarfélaga til samþykktar eða synjunar. Félag grunnskólakennara var ekki aðili þessa samkomulags. Stjórn og samninganefnd Félags grunnskólakennara samþykkir fyrir sitt leyti samkomulag Norðlingaskóla og Reykjavíkurborgar með eftirfarandi breytingum: Inn í samkomulag komi ákvæði þess efnis að vinnutímaákvæði kjarasamnings Kennarasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaga verði virt. Heimilt verði að semja við einstaka starfsmenn um rýmkun á dagvinnutímabili og um ákveðið frjálsræði um, hvenær vinnuskyldu er gengt, sbr. bókun nr. 9 frá janúar 2001. Það er mat stjórnar og samninganefndar að þessi breyting rúmist hvort heldur sem er, innan greinar 2.1.2. í kjarasamningi aðila og einnig innan bókunar 5. Stjórn og samninganefnd hvetur aðila til að setjast niður, fara yfir málið og ná samkomulagi.

4. TÍMASKÝRSLUR KENNARA

Eins og fram kom hér á undan er skipting tíma hvers kennara í kennslu, frímínútur, kaffítíma, undirbúning og verkstjórnarþátt mjög njörvuð niður í kjarasamningi Kennarasambands Íslands og er það fyrirkomulag mjög ólíkt því sem er að finna í kjarasamningum annarra háskólamenntaðra starfsstétta. Í flestum kjarasamningum er eingöngu að finna ákvæði um að starfsmaður í fullu starfi skuli skila 40 stunda vinnuviku og dagvinnan skuli unnin á tímabilinu kl. 08:00 til 17:00 frá mánudegi til föstudags. Í kjarasamningi kennara er gert ráð fyrir að kennarar skili 42,86 stundum í hverri viku á 37 vikna starfstíma skólans eða 40 klukkustundum að jafnaði yfir árið þegar búið er að taka með í reikninginn tíma fyrir endurmenntun og undirbúning utan skólatíma. Þetta fyrirkomulag gefur skólastjórnendum ekki mikið svigrúm til að prófa nýjar leiðir í skólastarfi. Í kjarasamningi er einnig skýrt tekið fram hvernig vinnuskylda kennara á viku skiptist: kennsla 18 klst., frímínútur 2,8 klst., kaffítímar 2,92 klst., verkstjórnarþáttur 9,14 klst., undirbúningur og úrvinnsla kennslu 10 klst. sem gera 42,86 klst. á viku.

Í bókun fimm segir að samningsaðilar séu sammála um að grunnskólar geti tekið upp „... *hliðstæð vinnutímaákvæði og gilda hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélaga...*“ og innan þeirra tímamarka sé öll vinnuskylda kennara (kennsla, undirbúningstími, verkstjórnartími og tími vegna símenntunar). Viðbrögð við samningnum í Norðlingaskóla bendir til að ekki sé einhugur um hvernig eigi að túlka þessa bókun. Augljóst er að Launanevnd sveitarfélaga og Menntasvið Reykjavíkurborgar telja að bókun fimm veiti mun almennari heimildir um að víkja frá vinnutímaákvæði kjarasamnings en Félag grunnskólakennara gerir.

Auk þess virðist sem stjórnendur í Norðlingaskóla beri ákveðna virðingu fyrir þeim ramma og passa það að ekki sé farið yfir á kennsluskyldu sem er krafa Félags grunnskólakennara.

Skýrslur kennara ein fyrir hverja viku í skólastarfi sýna að fyrir utan hefðbundna kennslu er mikil teymisvinna unnin í skólanum. Auk þess hafa kennarar mikið samráð við heimili nemenda. Einnig eru kennarar virkir í að fara og sækja sér fræðslu með fyrirlestrum og símenntun. Allir þessir þættir eru forsenda þess að nýr skóli dafni og þróist í sátt við umhverfi sitt.

Tafla 2 gefur yfirlit um hve miklum tíma var varið í helstu starfsþætti kennara Norðlingaskóla. Taflan sýnir hvað miklum klukkustundir var varið í tiltekinn starfsþátt

þar sem minnstum tíma var varið í hann, þar sem mestum tíma var varið í hann og loks meðaltímann á síðasta skólaári hjá þeim 5 kennurum sem eru í 100% starfi.

Tafla 2. Skipting á milli verkþátta á síðasta skólaári hjá kennurum í fullu starfi

	<i>Fæstir tímar</i>	<i>Flestir tímar</i>	<i>Meðaltal á tímabilinu</i>
Kennsla ⁹	9,33	17,50	14,33
Frímínútur og kaffitími	4,58	5,70	5,14
Gæsla	0,75	1,16	0,96
Undirbúningur kennslu, stefnumörkun, verkefnastjórn o.þ.h.	18,83	29,20	22,43
Alls			42,86

Tímaskýrslur og stundaskrár kennara sýna að í megindráttum starfa kennarar samkvæmt hefðbundinni skiptingu á vinnutíma kennara. Að vísu nær kennsla ekki 18 tímum á viku eins og kjarasamningur gerir ráð fyrir heldur er aðeins 14,33 klukkustundir að meðaltali. Þennan mun má að einhverju leyti skýra með því að í skólanum eru mjög fáir nemendur og fyrsta starfsár skóla kalla á starfsemi þar sem mikil skipulags og þróunarvinna fer fram. Í nokkur skipti bætist forfallakennsla við hefðbundna kennslu.

Stundarskrárnar sýna greinilega að mikill sveigjanleiki er í skipulagi kennslunnar. Þannig getur tiltekinn kennari kennt mikið eina vikuna en næstu vikuna dregur verulega úr kennslu og meiri tími fer í stefnumörkun og teymisvinnu. Eins og fram hefur komið voru mjög fáir nemendur í Norðlingaskóla síðasta vetur og áhugavert væri að sjá hvernig svona opið skipulag á vinnutíma kennara kæmi út í stærri skóla.

⁹ Kennari sem átti lægsta og hæsta tíma er sá sami, þannig að kennsluálag jafnast út yfir lengri tíma.

5. UMRÆÐA Í DAGBLÖÐUM OG Á ÖÐRUM VETTvangi

Nokkur umræða var um málefni Norðlingaskóla í Morgunblaðinu í janúar 2006. Sú umræða bendir til nokkurs stirðleika í samskiptum stjórnenda Norðlingaskóla og Kennarasambands Íslands. Til að skilja ágreiningsmálin þarf að skoða málið aftur í tímann.

Samkvæmt greinargerð Félags grunnskólakennara frá 1. des. 2005 hafði stjórn og samninganefnd Félag grunnskólakennara verið vöruð við að samþykkja tilraunasamninga við einstaka skóla sem skerða áunnin réttindi kennara sem unnist hafa með áratuga baráttu á þingi Kennarasambands Íslands í mars 2005. Þingið hafði fagnað því að slíkir samningar færi kennurum betri kjör og aukin réttindi – en varar við að hver kennari semji um viðbótarlaun. Á þessu þingi er einnig sérstaklega varað við samningum sem feli í sér afnám ýmissa áunninna réttinda. Einnig ályktaði þingið og lagði áhersla á að tilraunasamningar samkvæmt bókun fimm í kjarasamningi væru gerðir í samvinnu sveitarfélaga, kennara og Kennarasambandsins. Í ljósi þessa var alltaf mjög ólíklegt að Félag grunnskólakennara myndi leggja blessun sína yfir samning þann sem gerður var í Norðlingaskóla.

Í viðtali við skólustjóra Norðlingaskóla sem birt var í Morgunblaðinu 10. janúar 2006 er haft eftir henni að hún sé mjög ósátt við að Félag grunnskólakennara hafi ekki stutt samkomulag sem skólinn hafi gert við Reykjavíkurborg um tilraun til eins árs um breytt launa- og vinnutímafyrirkomulag kennara. Með slíku samkomulagi hafi laun kennara við skólann hækkað um 31 til 35% gegn því að vinnuskylda þeirra sé frábrugðin skilgreiningu í kjarasamningi Kennarasambandsins. Skólustjóri leggur áherslu á að vinnutími kennara við skólann sé ekki meiri en kjarasamningar geri ráð fyrir heldur öðruvísi samsettur.

Þann 11. janúar 2006 er haft eftir formanni Félag grunnskólakennara í Morgunblaðinu að samkomulag Norðlingaskóla „*snúist ekki um tilraun um skólaþróun heldur um tilraun á kjarasamningi grunnskólakennara*“. Formaðurinn bendir á í viðtalinu að skólustjóri í Norðlingaskóla fari á skjön við kjarasamning kennara ef hún starfar eftir þessu samkomulagi. Félag grunnskólakennara hefur í greinargerð sinni og í fjölmiðlum bent á að hægt sé að ramma það skólastarf og skólastefnu inn í núverandi kjarasamningi og benda því til stuðnings á ákvæði 2.1.2 í kjarasamningi kennara.

Ákvæði 2.1.2. segir meðal annars að heimilt sé að semja við einstaka starfsmenn um rýmkun á dagvinnutímabil og um nokkurt frjálrsræði í vinnuskyldu. Slíkan samning á milli kennara og skólastjórnenda þarf að bera undir viðkomandi stéttarfélag til samþykktar. Hver viðbrögð stéttarfélagsins yrðu er óljóst en minna má á ályktun frá þingi Kennarasambands Íslands í mars 2005 sem segir að „að hærri grunntaxti er haldbetri kjarabót en að kennarar semji hver fyrir sig um viðbótarlaun“.

Í leiðara Morgunblaðsins þann 11. janúar var fjallað um málefni Norðlingaskóla og hart deilt á forystu Kennarasambandsins. Umfjöllun í blöðum hélt áfram í nokkra daga þar á eftir þar sem kennarar Norðlingaskóla sendu frá sér yfirlýsingu og Kennarasamband Austurlands mómælti tilraunum til að afnáms kennsluskyldu.

17. janúar 2006 er birt umfjöllun um Norðlingaskóla og bókun fimm í kjarasamningi í fréttabréfi Félags grunnskólakennara. Þar segir meðal annars „...að „launahækkunin“ felist í því að kennarahópurinn taki að sér alla vinnu sem hægt er að fá aukalega greitt fyrir og því sé bætt ofan á grunnlaun, ásamt því að skólastjóri fer með vald yfir öllum vinnutímanum og dreifir út verkefnum eftir sínu höfði“. Í greininni í fréttabréfinu er gefið í skyn að ekki sé hægt að treysta skólastjórnendum til að ráðstafa tíma kennara eða eins og segir orðrétt: „Skólastjórinn er ekki bundinn af neinum takmörkunum í vinnutímaskilgreiningum. Hann getur ákveðið mismunandi kennsluskyldu eftir því sem honum sýnist“.

Þann 18. janúar birtist svo yfirlýsing frá Félagi grunnskólakennara þar sem bent er á að félagið hafi ekki hafnað samkomulagi Norðlingaskóla við Reykjavíkurborg, heldur hafi ekki treyst sér að samþykkja það óbreytt.

Svipaðir samningar um breytt fyrirkomulag á vinnutíma kennara og hærri laun hafa verið í bígerð í tveimur öðrum skólum. Í Ísaksskóla var slíkum samningum komið á þrátt fyrir mótspyrnu Félags grunnskólakennara og í Sjálandsskóli í Garðabæ stóð til að fara svipaða leið en fallið var frá því.

6. NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA

Hér á eftir verða dregin saman helstu atriði sem komu fram í viðtölum við kennara og stjórnendur Norðlingaskóla. Í kafla 5.2 verður greint frá meginatriðum er komu fram í viðtölum við aðra aðila sem að málinu koma eins og formann Launanevndar sveitarfélaga, fulltrúa Reykjavíkur í Launanevnd sveitarfélaga, sviðsstjóra Menntasviðs Reykjavíkur. Ummælum fulltrúa grunnskólakennara hjá Kennarasambandi Íslands verða rædd í köflunum tveimur hér að aftan eftir því sem við á.

6.1 Viðtöl við kennara og stjórnendur skólans

Í viðtölum við kennara Norðlingaskóla kom fram almenn ánægja með það fyrirkomulag sem var á starfsháttum skólans. Öllum kennurum þótti að vel hafa tekist til með þessa tilraun á að útfæra bókun fimm og að fyrirkomulagið í skólanum væri til fyrirmyndar. Það að kennarar væru allir við frá klukkan átta á morgnanna til klukkan fimm á daginn væri gott fyrirkomulag þar sem teymisvinna innan skólans og þróunarvinna kæmist á allt annað plan. Eins og einn kennari orðaði það *“stærsti kosturinn sem við höfum fundið fyrir er að við erum öll á staðnum. Þannig að ef eitthvað kemur upp er það ekki stórmál að skjóta á fundi með stuttum fyrirvara og ræða málið og klára það”*. Þetta fyrirkomulag hentar mjög vel í skólum sem vinna með einstaklingsmiðað nám. Þar skiptir miklu máli að allir sem koma að kennslu hafi tíma og svigrúm til að ræða saman til að halda betur utan um viðkomandi nemendur.

Í nýjum skóla eins og Norðlingaskóla skiptir miklu máli að vel sé farið af stað í allri faglegri vinnu í skólastarfi og þróun skólastarfsins. Bókun fimm hefur gefið skólanum svigrúm til að sinna þessum þætti skólastarfsins. Þegar stjórnendur skólans voru spurðir um hvernig þeim þætti þróunarvinna innan skólans skila sér voru þær sammála um að hún gerði það ágætlega. Kennarar hafa tekið að sér tiltekna verkefnavinnu og verkefnastjórnun sem hefur klárlega verið hagur fyrir skólann. *“Að þessu leiti höfum við náð að vinna svo margt sem ekki væri grundvöllur að vinna að nema með svona kerfi”*.

Hluti af samkomulagi milli Menntasviðs og Norðlingaskóla með bókun fimm var að skólastjóra væri heimilt að dreifa álagi af forfallakennslu á kennara skólans án þess að sérstök greiðsla kæmi fyrir. Kennarar voru spurðir út í álag vegna forfallakennslunnar, sérstaklega þar sem slíkt álag getur á tilteknum tímapunktum verið mjög mikið. Sem

dæmi má nefna að í vikunni sem rýnihóparnir áttu að fara fram voru mikil veikindi í kennaraliði skólans.

Kennarar svöruðu þessu á þann veg að álagi hafi verið nokkuð vel jafnað út. Þar hefði skipt miklu að allir kennarar væru á staðnum og þar af leiðandi gátu þau deilt þessu á milli sín á sanngjarnan hátt. Svo virðist sem hugsunarháttur starfsfólks skólans sé að þau reki þennan skóla saman. Skólinn er að þeirra mati eins og hvert annað fyrirtæki þar sem sjálfsagt þykir að gera það sem þarf til að fyrirtækið gangi *“maður talar ekki um hver gerir eitthvað meira eða minna og fær fleiri krónur eða vinnur fleiri mínútur”*. Þegar á heildina er litið virðist ágætlega hafa tekist til með að jafna álagi á starfsmenn og kennurum finnist að allir hafi lagt nokkuð jafnt að mörkum. Auk þess taka stjórnendur skólans þátt í forfallakennslu ef með þarf og kemur það greinilega í ljós í ummælum deildastjóra að hún lítur á það sem kost að stjórnendur taki púls á krökkunum og kennslunni og fari reglulega inn í kennslu. Hún segir *“mér finnst að stjórnendur verði að vera svolítið inn í bekkjunum þess vegna vil ég kenna svolítið”*.

Kennarar voru spurður hvort þetta fyrirkomulag á vinnu kennara gæti gengið í stærra samhengi. Þeir töldu að eflaust myndi kerfið ganga betur upp þar sem nemendur væru fleiri. Eins og einn kennari benti á *“það er alltaf sami undirbúningur fyrir kennslu hvort sem maður er með tíu nemendur eða tuttugu nemendur. Það eru jafn margir hópar á kennara, en svo koma fleiri kennarar eftir því sem hóparnir stækka og fjölga”*. Í allri þróunarvinnu miðar starfsfólk skólans út frá því að kerfið eigi ekki bara að nýtast með 40 nemendum heldur með 400 nemendum. Þannig að öll þróunarvinna er hugsuð fram í tímann.

Kennarar við skólann hafa mislanga reynslu sem kennarar og hluti af þeim eru tiltölulega nýútskrifaðir með kennsluréttindi þó að þau hafi reynslu og þroska af vinnumarkaði. Vegna þess hefðu flest þeirra raðast neðanlega í kjarasamningi kennara. Almennt töldu kennarar að breytt fyrirkomulag á starfsháttum hefði skilað þeim kjarabótum. Eins og einn kennari skólans orðaði það *„ég hefði aldrei trúað því að fá að vinna vinnuna mína og fá bara ágætlega borgað fyrir það og að þurfa ekki að safna upp einhverri yfirvinnu hér og þar!“*. En allir gera sér grein fyrir því að um tilraun sé að ræða og að á næsta ári munu mörg þeirra lækka í launum. Þau voru spurð út í það hvaða áhrif það hefði á þau að laun þeirra myndu lækka og voru þau sammála um að slíkt væri *„niðurlægjandi“*, en á sama tíma eru þau sammála um að þau hafi farið út í þessa tilraun á ákveðnum forsendum og þau hefðu gert sér grein fyrir að slíkt myndi eiga sér stað.

Sá hluti kennarahópsins sem hefur lengstu starfsreynsluna líkar betur við þetta vinnufyrirkomulag en það sem þeir hafa búið við til þessa. Í þessu kerfi verða samskipti á milli kennara önnur og betri og starfsandi eflist. Almenn vilja kennararnir fá tækifæri í framtíðinni til að vinna aftur í svona starfsumhverfi þar sem kennarar ljúka allri sinni vinnu innan skólans. Eins og þeir orðuðu það: „*Við eigum það öll sameiginlegt sem vinnum hér að í hugmyndafræðinni erum við ekki bundin kjarasamningi, hvort sem það er núgildandi samningur eða bókun fimm. Við erum fyrst og fremst áhugafólk um að efla og bæta þennan skóla bæði faglega og þróunarlega*“. Þau eru öll stolt af hafa tekið þátt í þessari tilraun og telja að slík tilraun sem þessi hafi verið mikilvæg fyrir almenna kjarabaráttu kennara.

Kennurum var tíðrætt um viðbrögð Kennarasambandsins við því sem gert var í skólanum. Þegar rætt var um traust kemur bersýnilega í ljós að kennurum skólans finnst sem kennaraforystan hafi brugðist þeim. Að þeirra mati hefur forystan ekki aðeins brugðist þeim heldur einni sýnt þeim „*fordæmanlega óvirðingu*“ með því að kynna sér ekki málið frá sjónarhorni kennara. Eins og fram kom í rýnihópi og viðtölum virðist nokkur gremja vera í kennarahópnum í garð forystu stéttarfélagsins eins og það kemur berlega í ljós í eftirfarandi tilvitnun. „*Þeir hafa aldrei sýnt því áhuga að koma inn í skólann og kynna sér starfið, þeir hafa aldrei komið og spurt okkur hvernig gerið þið þetta o.s.frv. Hvernig gengur tilraunin. Þeir hafa fengið gögn frá okkur, þeir vildu skoða hvort hægt væri að réttlæta þetta og svo fáum við frá þeim að við séum ekkert nema ofgreiddir kennarar!*“. Þegar rætt var við forystu Kennarasambandsins kom það berlega í ljós að þeir „*litu ekki á þetta sem tilraun*“ og tóku það skýrt fram að þeir væru ekki hlynntir tilraunum með tímaramma kjarasamnings. Svo virðist að skilningur og túlkun á bókun fimm í kjarasamningi sé mjög á reiki. Skiptar skoðanir eru á því hvort hægt sé að opna kerfið og veita skólastjórnendum heimild til að stjórna kennurum án fastra ramma um vinnuskyldur kennara. Kennaraforystan er andvíg slíku og sér ekki að hægt sé að víkja frá núverandi ramma nema að litlu leiti.

Almennt séð hefur breytt fyrirkomulag á starfsháttum í Norðlingaskóla verið hvetjandi fyrir starfsfólk skólans „*þetta hefur hvatt okkur til dáða sem skólafólk, það er engin spurning og við erum öll sátt við að fá þessi laun og við erum alveg til í að leggja þessa vinnu á okkur fyrir þessi laun. Þetta hangir alveg saman. Margir kennarar vildu vinna eftir þessu, þar sem margir kennarar hafa spurt okkur um þessa tilraun og hafa áhuga á henni!*“. En samkvæmt kennurum skólans hefur kennaraforystan ekki áhuga á henni.

Kennarar voru spurðir nánar út í samskipti sín við kennara í öðrum skólum. Þau voru öll sammála að búið væri að gera þetta mál svolítið tortryggilegt fyrir öðru skólafólki, en þegar við leyfum fólki að spyrja finnst fólki þetta gott fyrirkomulag. Það er að við eigum að vinna 42,86 tíma á viku yfir skólatímann og við gerum það innan skólans. Þau benda á að þau fara ekki heim klukkan þrjú eins og tíðkast í mörgum skólum og eigum þá eftir að ljúka dagsverkinu heldur sé því lokið innan veggja skólans. Stjórnendur skólans hafa engin yferráð yfir tíma þeirra eftir klukkan fimm og þau taka það fram að þau „*sjá sig ekki í neinum þrælkunarþúðum*“ heldur að þau vinni eins og annað launafólk í landinu og á móti hafi þau lokið vinnu sinni þegar þau koma heim á daginn.

Að lokum má nefna að þessi tilraun með breytta starfshætti við Norðlingaskóla hefur leitt til mikils jafnaðar innan skólans. Allir kennarar vinna í teymisvinnu og allir kennarar hvort sem það eru bekkjakennarar eða sérkennarar hafa jafna ábyrgð á nemendum. Eins og einn sérkennari bendir á að „*oft eru sérkennarar hafðir til hliðar, en hér erum við öll ábyrg og tökum þátt*“. Auk þess bíður þetta kerfi upp á jöfnuð launalega. Skólastjórnendur hafa ákveðna upphæð til skiptanna og henni er skipti jafnt á milli kennara skólans. Einn kennari bendir á „*að í hefðbundna kerfinu er það oft karlkyns kennarar sem fá alla yfirvinnu*“. Þar með er kannski hægt að segja að þessi tilraun er ómeðvitað orðið ákveðið jafnréttistæki.

6.2. Viðtöl við aðra er að málinu koma

Væntingar og vonir annarra sem að málinu koma eru nokkuð ólíkar. Flestir höfðu þó nokkrar væntingar um að þetta myndi opna upp kjarasamning grunnskólakennara. Í síðustu kjarasamningum, sem kostuðu kennara sjö vikna verkfall, gengu að megininntaki út á tímastýrt kerfi sem margir af viðmælendum okkar fannst skref í ranga átt. Tillögur um bókun fimm komu frá Launanefnd sveitarfélaga og voru samþykktar af Kennarasambandinu sem mótspil við lækkun kennsluskyldu. Eins og viðmælendur bentu ítrekað á eru fáir kjarasamningar, hvort sem það er í opinbera geiranum eða einkageiranum, sem eru eins njörvaðir niður og stýrandi og samningur grunnskólakennara. Sumir viðmælenda gerðu sér vonir um að hægt væri að gera tilraunir á borð við þessa í fleiri skólum en við Norðlingaskóla. Ef vel tækist til með slíkar tilraunir væri hægt að hugsa skipulag skólastarfs upp á nýtt með bættnan hag allra að leiðarljósi.

Í viðtölum kom mjög skýrt fram að mikill munur er á túlkun Launanefndar sveitarfélaganna og Menntasviðs Reykjavíkur annars vegar og Kennarasambandsins hins vegar á bókun fimm í kjarasamningnum. Hjá Launanefnd sveitarfélaga og Menntasviði stendur bókun fimm fyrir eitthvað opið á meðan bókun fimm stendur fyrir mjög afmarkað hjá Kennarasambandinu.

Sá skilningur er ríkjandi hjá Launanefnd að á samningstímabilinu væri heimild til að gera tilraun með vinnutímafyrirkomulag í takti við aðra háskólamenntaða starfsmenn sveitarfélaga og víkja þá til hliða þessari niðurnjörvun á vinnufyrirkomulagi í kjarasamningi kennara. Kennaraforystan var tilbúin að samþykkja bókun fimm í kjarasamningi svo lengi sem slíkar tilraunir þyrftu að fara fyrir samstarfsnefnd og vera samþykktar þar. Það var trú allra að slíkt samþykki fengist svo lengi sem að slíkar tilraunir væru gerðar með eftirfarandi skilyrðum: a) Samkomulag lægi fyrir á milli kennara og stjórnenda viðkomandi skóla; b) að samkomulag lægi fyrir á milli skólastjóra og sveitarfélags og c) að staðfesting frá Launanefnd og Kennarasambandinu á viðkomandi samkomulagi. Þegar upp var staðið var samningur sá er gerður var í Norðlingaskóla samþykktur af öllum aðilum nema Kennarasambandinu eftir langa bið. Í viðtölum örlar aðeins á því að þessi niðurstaða hafi leitt til þess að ekki ríki lengur fullt traust á milli þeirra sem stóðu að umræddri bókun.

Hugmyndir viðmælenda voru að það væru ekki sveitarfélögin sem ráðstöfuðu tíma kennara sinna heldur væri það í verkahring skólanna að skipuleggja vinnutíma hvers og eins kennara í von um að þessi miðlæga nálgun gæti vikið. Það er með öðrum orðum að bókun fimm ætti við um daglega skipan starfa hvers starfsmanns án tillits til ramma. Kennarasambandið hefur aftur á móti gengið það langt að segja að kennsluskylda sé ekki hreyfanleg og að bókun fimm eigi ekki við um hana. Hér er grundvallarmunur á túlkun og kemur það stöðugt fram í viðtölum að það sé mjög óeðlilegt að kjarasamningur segi hversu stór hluti eigi að fara í þetta og hversu stór hluti eigi að fara í hitt. Hugmynd flestra viðmælenda var að með bókun fimm væri opnun eða smuga á að gera tilraunir með annarskonar nálgun sem hægt væri að prófa á samningstímanum og gæfi innsýn í annarskonar fyrirkomulag sem gæti nýst í næstu samningum. Að samningsaðilar fengju í hendurnar leið sem væri fær og góð fyrir skólann, fyrir skólastjórnann, fyrir kennarana og fyrst of fremst fyrir börnin.

Flestir viðmælenda telja að þetta hafi verið jákvæða tilraun sem þeir hefðu kosið að væri gerð í sátt og samlyndi allra málsaðila þannig að allir gætu dregið lærdóm af henni. Þrátt fyrir andstöðu Kennarasambandsins líta flestir þannig á að þetta hafi verið tilraunarinnar virði. En eins og einn viðmælenda bendir á að þá er samráðsvilji góður og gildur en það megi ekki gleymast að það séu sveitarfélögin sem reki skólana og ef þau vilji gera tilraunir sem stangast ekki á við lögin í landinu þá hafi þeir frelsi til að gera það. Ekki má heldur gleymast að skólasamfélagið er að breytast og að slíkar breytingar krefjast ákveðins hreyfanleika í kerfinu sem erfitt er að sjá í núverandi kerfi.

7. LOKAORÐ

Í þessari skýrslu er að finna meginatriði sem komu fram í úttekt á tilraun sem fór fram í Norðlingaskóla skólaárið 2005 til 2006. Um var að ræða mat á áhrifum og væntingum til bókkunar fimm í kjarasamningi Launanefndar sveitarfélags og Kennarasambands Íslands fyrir grunnskóla .

Almennt séð telja kennarar og stjórnendur Norðlingaskóla að þessi tilraun hafa tekist mjög vel. Sveigjanleiki í vinnutíma kennara hefur gefið stjórnendum og kennurum skólans meira svigrúm til að sinna þróunarstarfi og öðrum faglegum þáttum í skólalastarfinu. En slíkt er mjög mikilvægt í nýjum skóla. Breyttir starfshættir hafa einnig fært kennurum nokkra kjarabót án þess að þeir telji að vinnuálag hafi verið meira en gengur og gerist í grunnskólum.

Það fyrirkomulag að hafa alla kennara til staðar í skólanum eftir að hefðbundinni kennslu lýkur gefa góða raun og skapar svigrúm fyrir teymisvinnu og eflir starfsanda meðal kennara. Í viðtölum kom skýrt fram að starfsmenn skólans töldu þetta vera spennandi þróunarverkefni um kennsluhætti og uppbyggingu skólalastarfs þar sem mikið traust og samstaða ríkir meðal starfsamanna skólans.

Hvernig túlka á bókkun fimm í kjarasamning er kjarni málsins. Svo viðrist sem skilningur aðila á því hvað falli undir bókkun fimm sé hér meginmálið og sé atriði sem þurfi að ná sáttum um áður en haldið er áfram. Haft er eftir kennaraforystunni að hægt sé að framkvæma flesta þætti sem verið er að framkvæma við Norðlingaskóla án þess að nota bókkun fimm. Hverjar eru þessar leiðir sem kennaraforystan talar um og af hverju má ekki nota bókkun fimm ef hún er til staðar í kjarasamningi er óljóst. Finna þarf leiðir til að sætta alla aðila þannig að hægt sé að prófa nýjar leiðir í kjaramálum og þróunarstarfi innan skólakerfisins.

Niðurstöður benda eindregið til þess að þróunarstarf af þessu tagi eigi að halda áfram. Í vetur hafi aðeins verið stigin fyrstu skrefin í mun lengra ferli. Þörf sé á að fylgja þessari tilraun eftir og sjá hvernig þetta fyrirkomulag virkar í fjölmennari skóla. Finna þarf svona þróunarstarfi farveg sem allir málsaðilar geta sætt sig við slíkt væri til hagsbóta fyrir allt skólalastarf í landinu.

VIÐAUKI

Greinar úr gildandi kjarasamning kennarasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga með gildistíma 1. ágúst 2005 til og með 31. desember 2007.

Í kafla 1.

Grein 1.2.1 Röðun í launaprep

Launaprep eru 4. Röðun í launaprep miðast við lífaldur. Innröðun í þrep miðast við aldur frá upphafi næsta mánaðar eftir afmælisdag. Bil milli þrepa verður, 3,5% milli 1.-2. þreps en er 5% frá 2.-3. og 3.-4. þreps.

1. þrep að 30 ára aldri
2. þrep frá 30 ára aldri
3. þrep frá 40 ára aldri
4. þrep frá 45 ára aldri

Grein 1.3.1. Röðun í launaflokka

<i>Starfsheiti</i>	<i>Starfslýsing</i>	<i>Launaflokkur</i>
<i>Leiðbeinandi 1</i>	<i>Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu..</i>	<i>224</i>
<i>Leiðbeinandi 2</i>	<i>Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu og hefur leikskólakennarapróf, þroskaþjálfapróf eða annað formlegt próf sem nýtist í starfi.</i>	<i>226</i>
<i>Danskennari</i>	<i>Danskennari með viðurkenningu frá Dansráði Íslands vegna starfa sem danskennari. .</i>	<i>231</i>
<i>Grunnskólakennari</i>	<i>Hefur réttindi og sinnir störfum grunnskólakennara í samræmi við lög, aðalnámskrá og skánámskrá.</i>	<i>231</i>
<i>Umsjónarkennari 1</i>	<i>Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og hefur umsón með 12-19 nemendum í bekk/námshópi. Hver nemandi hefur aðeins einn umsjónarkennara</i>	<i>232</i>
<i>Umsónarkennari 2</i>	<i>Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og hefur umsón með 20 nemendum eða fleiri í bekk/námshópi. Hver nemandi hefur aðeins einn umsjónarkennara.</i>	<i>233</i>
<i>Sérkennari</i>	<i>Uppfyllir skilyrði sem /grunnskólakennari og hefur á hendi sérkennslu skv. skilgreiningu 3. gr. Reglugerðar nr. 389/1996 um sérkennslu sem nemur a.m.k. 50% af starfi. i.</i>	<i>233</i>
<i>Námsráðgjafi 1</i>	<i>Uppfyllir skilyrði sem námsráðgjafi/grunnskólakennari og er námsráðgjafi í 25-49% starfi.</i>	<i>234</i>
<i>Námsráðgjafi 2</i>	<i>Uppfyllir skilyrði sem námsráðgjafi/grunnskólakennari og er námsráðgjafi í hálfu starfi eða meira.</i>	<i>236*</i>

* Skv. bókun 6

Grunnröðun umsjónarkennara fer eftir fjölda nemenda í bekk. Miðaða er við nemendafjölda 1. október ár hvert. Verði breyting á nemendafjölda sem leiðri til breytinga á launaflokki kennara skal leiðrétta röðunina miðað við nemendafjölda 15. janúar til hækkunar eða lækkunar og gildir hin nýja röðun frá og með 1.

febrúar.

Þrátt fyrir ákvæði í gr. 1.3.1. um röðun umsjónarkennara skal grunnskólakennari sem hefur umsjón með 9 nemendum í tveimur árgöngum eða 8 nemendum í þremur árgöngum einnig raðast sem umsonarkennari 1. Með sama hætti skal grunnskólakennari sem er með umsjón með 18 nemendum í tveimur árgögnum raðast sem umsjónarkennari 2 (Samstarfsnefnd 21. apríl 2001).

Grunnskólakennarar sem kenna við nýbúadeildir og/eða á sjúkrastofnunum sem nemur a.m.k. 50% starfi taki laun sem sérkennarar enda sé um hliðstæðar skyldur að ræða og fjallað er um í 3. gr. Reglugerðar nr. 389/1996 (Samstarfsnefnd 11. júlí 2001)

Í grein 1.3.2. Viðbótarlaun vegna stöðuheita, álags eða verkefna utan 9,14

Skólastjóri hefur til umráð sem svarar kr. 6.500 á mánuði á hvert stöðugildi félagsmanna Félags grunnskólakennara í viðkomandi skóla, sem taka laun eftir þessum samningi, til hvort sem er stöðuheita eða til að greiða kennurum fyrir sérstakt álag og verkefni sem ekki rúmast innan 9,14 verkstjórnarstunda, sbr. Grein 2.1.6.2. Þessi fjárhæð breytist í samræmi við breytingar á launatöflu frá og með 1. janúar 2006.

Sjá einnig bókun 6.

Í kafla 2.

Í grein 2.1.6.1. Vikuleg vinnuskylda

Vinnutími kennara í fullu starfi skal vera 40 klst. á viku til jafnaðar yfir árið. Vikuleg vinnuskylda hans er 42,86 klst. á viku miðað við 37 vikna starfstíma skóla. Undirbúningsdagar fyrir upphaf og eftir lok starfstíma skóla eru samtals 8, sbr. 2.1.5.2. Að auki eru 150 klst. til endurmenntunar og undirbúnings, sbr. 2.1.6.4, sbr. Bókun 9

Skýringartexti með gr. 2.1.6.2 úr bókun:

Aðilar eru sammála um að meðfylgjandi tafla sýni skiptingu vikulegs vinnutíma kennara, m.a. með hliðsjón af aldursafslætti og sveigjanleika. Fremsti dálkurinn sýnir verkþætti sem unnir eru, næstu tveir sýna vinnutímaskiptingu þeirra sem njóta aldursafsláttar og fimmti dálkur sýnir vinnutímaskiptingu m.v. 27 kennslustundir á viku. Grunnskipting sýnir vinnuskiptingu kennara eftir breytilegri vikulegri kennslu miðað við fullt starf þar sem kennslustundir eru sýndar í efstu línu. Þrír öftustu dálkarnir sýna vinnuskiptingu ef kennari tekur að sér kennslu umfram 27 stundir gegn minnkun annarar vinnu undri stjórn

skólastjóra.

Skilgreining á vinnutíma kennara frá og með 1. ágúst 2005:

60 ára* 55 ára*

37 vikur	19 kest.	24 kest.	26 kest.	27 kest.	28 kest.	29 kest.	30 kest.
	Klst.	Klst.	Klst.	Klst.	Klst.	Klst.	Klst.
Kennsla	12,67	16	17,33	18	18,67	19,33	20
Frimínútur	2,8	2,8	2,8	2,8	2,8	2,8	2,8
Kaffítímar	2,92	2,92	2,92	2,92	2,92	2,92	2,92
Verkstjórnarþáttur**	14,14	11,14	10,14	9,14	8,14	7,14	6,14
Leiðsögn/handleiðsla	3	1					
Undirbún. og úrvinnsla kennslu	7,33	9	9,67	10	10,33	10,67	11
Vikuleg vinnuskylda	42,86	42,86	42,86	42,86	42,86,	42,86,	42,86
Undirbúningsd. Utan skólatíma	64	64	64	64	64	64	64
Endurmenntun ofl.***	150	150	150	150	150	150	150
Árleg vinnuskylda	1800	1800	1800	1800	1800	1800	1800

* Skilyrði fyrir kennsluafslætti er 10 ára kennsluferill

** Af verkstjórnarþætti er heimilt að töflusetja 4,14 klst. á viku.

*** Kennarar eldri en 30 ára ná þó í meðalári aðeins 126 klst og þeir sem eru 38 ára ná aðeins 102 klst í meðalári.

Í grein 2.1.6.2. Vinnuskylda kennara

Vinnuskylda kennara er 1800 stundir á ári. Skólastjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi grunnskólans kallar á. Til vinnuskyldu heyra öll fagleg störf kennara.

Framkvæmd verkstjórnartíma skólastjóra:

Niðurröðun tímans:

Skólastjóri og kennari skulu leitast við að koma sér saman um það hvernig 9,14 stundum á viku samkvæmt grein 2.1.6.2. í kjarasamningi skuli nýttar á starfstíma skólans.

Þess skal gætt að nægilegur tími sé til:

Samstarfs fagfólks innan skólans og utan,

Foreldrasamstarfs,

Skráningar upplýsinga,
Umsónar- og eftirlits með kennslurými,
Nemendasamtala.

Feli skólastjóri kennara frekari fagleg verkefni skulu kennari og skólastjóri fara vandlega yfir þann tíma sem áætlaður er til hvers verkefnis og hvort þau rúmist innan verkstjórnartímans. Leitast skal við að ná samkomulagi um þá afmörkun verkefna að ekki sé farið út fyrir tímarammann. Sé það niðurstaðan að þau verkefni sem kennara hafa verið falin rúmist ekki innan viðmiðunartíma skal greidd yfirvinna fyrri þann tíma sem umfram er. Um meðferð ágreinings vísast til ákvæða laga og kjarasamnings.

Skólastjóra er heimilt að töflusetja allt að 4,14 stundir á viku vegna kennarafunda, samstarfsfunda og viðtalstíma. Í stað töflusettra kennarafunda geta komið önnur fagleg verkefni. Það sama á við um samstarfsfundi enda sé viðkomandi verkefni tengt viðfangsefni samstarfshópsins.

Það er sameiginlegur skilningur aðila að við gerð tímaáætlunar sé eðlilegt að taka tillit til þess að álag er mismunandi eftir árstíma.

Umsjón með gerð innkaupalista er hluti af vinnuskyldu kennara. Innkaup og viðhald búnaðar er ekki hluti af faglegum störfum kennara. Heimilt er að semja við einstaka kennara um að sinna þessum störfum innan dagvinnutíma eða í yfirvinnu.

Eftirfylgni:

Mikilvægt er að skólastjórnendur fylgist vel með því allt skólaárið hvernig kennarar sinna verkefnum sem þeim hafa verið falin og hvernig tímamörk standast. Komi í ljós að verkefni rúmast ekki innan tímamarka skulu verkefni eða tími til einstakra verkefna tekin til endurskoðunar og náí endar ekki saman í því efni skal greidd yfirvinna vegna umframtímans.

Í grein 2.3.1. Yfirvinna, skilgreining

Yfirvinna telst sé vinna, sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma, svo og vinna, sem innt er að hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu, þótt á dagvinnutímabili sé.

Í grein 2.3.9. Nemendaferðir, greiðslur fyrir umsjón

Fyrir umsjón í nemendaferðum, sem skipulagðar eru sem hluti af starfi grunnskóla, skal greiða allt að 12 klukkustundir á dag að frádregnum fjölda kennslustunda á stundaskrá viðkomandi kennara á ferðadegi. Standi ferð yfir nótt, greiðast að auki 3 klukkustundir.

Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klst, reiknað frá byrjun vinnudags, skal starfsmaður fá a.m.k. 11 klukkustunda samfellda hvíld.

Mest reynir á ákvæði um lágmarkshvíld í tengslum við félagsstarf í skólum og ferðir nemenda. Mikilbægt er að haga skipulagi félagsstarfs og nemendaferða þannig að ekki verði gengið á svig við lágmarkhvíldarákvæði eða önnur ákvæði vinnutímasamningsins. Ef að kennari verður vegna ófyrirséðra aðstæðna að standa lengri vinnulotu en 13 klst af óviðráðanlegum ástæðum ber honum í kjölfarið 11 st lágmarkshvíld. Ekki er heimilt að skipuleggja brot á lágmarkshvíldarákvæðum og

þjóða kennara frítökurétt í staðinn eða greiðslur í stað hvíldar. Foreldrar mega vænta þess að ákveðin gæsla sé á börnum þegar þau eru á vegum skóla við nám, í félagsstarfi eða á ferðalögum. Sú gæsla gæti verið innt af hendi af kennurum skólans, skólaliðum eða öðrum aðilum. Mikilvægt er að leita leiða til að leysa þessi mál með skynsamlegum hætti.

Eftirfarandi greinar voru feldar niður í samkomulagi milli Norðlingaskóla og Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

Í grein 2.1.2. Vinnutíma breytt með samning

Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar. Einnig er heimilt að semja við einstaka starfsmenn um rýmkun á dagvinnutímabili og um ákveðið frjálsræði um, hvenær vinnuskyldu er gegnt. Leita skal samþykkis viðkomandi stéttarfélags, þegar heimilda þessara er neytt.

Í grein 2.1.6.5. Viðurverutími, ákvörðun um dagleg mörk

Við upphaf skólaárs skal skólastjóri ákveða dagleg mörk viðurverutíma. Skal hann vera samfelldur og liggja innan marka dagvinnutímabils eftir því sem við verður komið. Viðurvertími annar en kennsla skal þó aldrei vera utan dagvinnumarmarka nema með samþykki kennara.

Í grein 2.1.6.8. Störf kennara á skólasafni

Starfi kennari á skólasafni gildir eftirfarandi um vinnutíma hans miðað við 37 vikna starfstíma skóla:

1. Störf á starfstíma skóla eru 42 klst. og 52 mín. Á viku miðað við fullt starf eða 1.586 klst. á árlegum starfstíma skóla.
2. Fela má kennara á skólasafni kennslu skv. Stundaskrá allt að 27 kest/viku (frá og með 01/08/07 26 kest/viku) með tilsvarende undirbúningstíma. Einnig og þá eftir atvikum til lækkunar á kennsluskyldu má fela skólasafnskennara umsón með skólasafni og ráðgjöf við upplýsingaleit í bókum og rafrænum miðlum og miðlun til kennara, nemenda og annars starfsfólks skóla. Þá má fela skólasafnskennara stjórnun, val og innkaup á gögnum, áætlunargerð, skýrslugerð og aðra skipulagningar-, umsjónar- og undirbúningsvinnu, er fram fer utan þess tíma sem safnið er opið nemendum eða er í umsjá annars aðila.
3. Endurmenntun og undirbúningur utan starfstíma skóla er 150 klst. sbr. 2.1.6.4. og bókun 9.

(Athugasemd: Kennara eldri en 30 ára ná þó í meðalari aðeins 126 klst og þeir sem eru

38 ára ná aðeins 102 klst í meðalári).

4. Störf fyrir upphaf kennslutímabils og eftir lok þess, svo sem frágangur, aðdrættir, undirbúningur, skipulagsstörf o.fl. undir stjórn skólastjóra í 64 klst., sbr. gr. 2.1.5.2.

Í grein 2.1.6.10 vinnutímaskilgreining námsráðgjafa

Árlegan vinnutíma við námsrágjöf í grunnskólum innir námsráðgjafi svo af hendi:

1. Viðverutímabil, 15. ágúst til 15. júní. Vikulegur vinnutími (viðvera skv. nánari ákvörðun skólastjóra) 40,67 klst.
2. Vinna á undirbúningsdögum utan starfstíma skóla 64 klst.
3. Undirbúningstími, endurmenntun og önnur ófyrirséð vinna utan dagvinnumarka, 1,79 klst.
39 vikur x 1,79 klst. = 70 klst.
4. Undirbúningsvinna og endurmenntun utan árlegs viðverutímabils 80 klst.
Árleg vinnuskylda 1.800 klst.

Sjá bókun 4 með kjarasamningi 2001

Í grein 2.3.6. Yfirvinnustundir á stundaskrá, skilgreining

Sé kennt umfram kennsluskyldu, skal telja kennslustundir til yfirvinnu í þeirri röð, sem hér greinir:

1. Fyrstu skulu taldar síðustu kennslustundir fyrir kl. 13:30 á dögum þeim, sem kennari kennir án matarhlés á tímabilinu kl. 11:30-13:30.
2. Næst skulu taldar kennslustundir utan marka dagvinnutímabils.
3. Að lokum skulu taldar þær kennslustundir í viku hverri, er ganga lengst fram eftir degi, og þá fyrst þær, er síðast falla til í viku hverri.

Í grein 2.3.8. Matartími sem kennt er í, greidd sem yfirvinna

Kennari skal hafa samfellt matarhlé skv. gr. 3.1., en verði því ekki við komið, greiðist kennsla, sem fram fer í matartíma þannig, að á kennslustund í kennsluskyldu kemur yfirvinnuálag skv. gr. 1.5.1. á þann tíma, sem á skortir, að matartími kennarans sé 30 mínútur. Greiðsla fyrir vinnu í matartíma verður því sem hér segir:

Matarhlé 25 mínútur, greiddar 15 mínútur.

Matarhlé 20 mínútur, greiddar 20 mínútur.

Matarhlé 15 mínútur, greiddar 25 mínútur.

Matarhlé 10 mínútur, greiddar 30 mínútur.

Greitt er með yfirvinnukaupi eða yfirvinnuálagi, eftir því sem við á.

Í grein 2.3.10. Gæsla nemenda

Sé kennari falin gæsla nemenda í frímínútum eða öðrum kennsluhléum, skal greiða gæslutímann með yfirvinnukaupi.

Í grein 2.3.11. Gæsla nemenda í heimavistum

Hverja klukkustund við gæslustörf í heimavistarskólum á grunnskólastigi skal greiða skv. launaflokki starfsmanns sem dagvinnu, yfirvinnu eða dagvinnu með álagi sbr. 2.2, 2.3. og 2.4. Laun fyrir gæslustörf í veikindum greiðst með sama hætti og yfirvinna.

Í grein 2.3.12. Kennsla við fleiri en einn skóla

Ljúki kennari allri kennsluskyldu sinni við grunnskóla í sama sveitarfélagi, skal önnur kennsla við þá skóla umfram hana greidd sem yfirvinna.

Í grein 2.3.13. Leiðsögukennarar

Heimilt er að fela kennurum grunnskóla leiðsögn nýliða við þann skóla sem þeir starfa eða aðra skóla í sama sveitarfélagi. Nýlið telst sá sem ekki hefur verið á föstum mánaðarlaunum í a.m.k. hálfu starfi við kennslu í eitt ár eða lengur einhvern tíma á síðustu fimm árum.

Í grein 2.5.1. Kennsla í dagvinnu

Kennsla kennara í dagvinnu í fullu starfi er 27 (26 frá og með 01/08/07) kennslustundir á viku í 37 vikur. Miðað er við að hver kennslustund sé 40 mínútur. Skólastjóra er þó heimilt að fela kennara allt að 30 kennslustundir á viku með samþykki hans enda sé þá létt á vinnuskyldu kennarans að öru leyti. Með sama hætti getur skólastjóri ákvarðað að kennari í fullu starfi kenni frá 26 til 27 kennslustundir á viku í 37 vikur sbr. bókun 9 frá 2001 uns lækkun kennsluskyldu í 26 kennslustundir tekur gildi 1. ágúst 2007.

Tími til undirbúnings og úrvinnslu kennslu eykst sem svarar þeirri fækkun kennslustunda sem að framan greinir.

Kennari á rétt á því að halda óbreyttri kennsluviðmiðun og kenna áfram 28 stundir/27 stundir á viku. Öll kennsla umfram kennsluskyldu (27/26 kennslustundir) greiðist sem yfirvinna. Öll kennsla umfram kennsluskyldu (27/26

kennslustundir) greiðist sem yfirvinna. Kennari skal ár hvert tilkynna í síðasta lagi 1. apríl um ákvörðun sína í þessu efni vegna komandi skólaárs.

Fela má kennara forfallakennslu án aukagreiðslu, t.d. vegna þess að nemendur sem hann átti að kenna eru í ferðalagi, allt að fjölda þeirra kennslustunda sem hann átti að kenna þann daginn.

Þrátt fyrir ákvæði 3. málsgreinar um að öll kennsla umfram kennsluskyldu (27/26) skuli greidd sem yfirvinna, á það ekki við ef skólastjóri og kennari koma sér saman um aukna kennslu gegn skerðingu annars starfa sbr. 1. málsgrein.

Í grein 2.5.1.1. Lækkun hámarkskennslu í dagvinnu

Hámarkskennsla nýliða í dagvinnu fyrsta árið í starfi lækkar um eina kennslustund á viku. Nýliði telst sá sem ekki hefur verið á föstum mánaðarlaunum í a.m.k. hálfu starfi við kennslu eitt ár eða lengur einhvern tíma á síðustu fimm árum.

Í grein 2.5.2. Lækkun hámarkskennslu í dagvinnu vegna starfs- eða lífaldurs

Í grein 2.5.3. Eining í kennslu, skilgreining

Hámarkskennsla í dagvinnu skv. 2.5.1 – 2.5.2 er miðuð við 40 mínútna kennslustundir. Séu kennslustundir lengri eða styttri en 40 mínútur, breytist einingafjöldi kennslustunda hlutfallslega.

Í grein 2.5.4. Kennslustund

Hver 40 mínútna kennslustund í grunnskóla telst 1,0 eining. Fyrir kennara með fulla kennsluskyldu, 27 kennslustundir á viku, verður undirbúningstími 10 klst á viku frá og með 1. ágúst 2005 en frá og með 1. ágúst 2007 verður hann 10,67 klukkustundir fyrir 26 kennslustundir. Skólastjóri metur í samráði við hvern kennara hvort þörf sé fyrir rýmri undirbúningstíma.

Ákvarði skólastjóri í samráði við kennara viðvarandi aukinn undirbúningstíma skerðir það verkstjórnartímamann og/eða minnkar kennsluskylduna sem því nemur.

